

Styrktarsamningur

mennta- og barnamálaráðuneytis

við LungA skólann ses.

Mennta- og barnamálaráðuneytið, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneytið, og LungA - skólinn ses., kt. 660213-1200, hér eftir nefndur styrkþegi, gera með sér svofelldan samning:

1. Markmið með samningnum og sú starfsemi/verkefni sem styrkt er

- 1.1. Meginmarkmið með samningi þessum er að styðja við rekstur og stuðla að starfrækslu LungA lýðskólans á Seyðisfirði.
- 1.2. Markmið samnings þessa er að tryggja stefnu skv. fjármálaáætlun 2024-2028.

2. Framlag og skyldur ráðuneytisins

- 2.1. Með samningi þessum veitir ráðuneytið styrkþega styrk að fjárhæð kr. 20.000.000 vegna þeirra verkefna sem tilgreind eru í 1. gr.
- 2.2. Styrkurinn verður greiddur út í tveimur greiðslum með eftirfarandi fyrirkomulagi: 80% styrkupphæðar greiðist inn á bankareikning viðskiptabanka styrkþega eftir undirritun samnings þessa og eftirstöðvar greiðast þegar ráðuneytinu hefur borist greinargerð um verkefnið og fjárhagsuppgjör vegna þess.
- 2.3. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015, sbr. og einnig reglugerð nr. 642/2018 um styrkveitingar ráðherra.
- 2.4. Framlag í samningi þessum kemur frá málaflokki 20.10 og fellur undir stefnu ráðherra á málefnasviði 20.
- 2.5. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins vegna rekstrarverkefnisins takmarkast við þá fjárhæð sem getið er í samningi þessum.
- 2.6. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.

3. Ábyrgð og skyldur styrkþega

- 3.1. Styrkþegi skal verja styrknum eingöngu til þeirra verkefna sem tilgreind eru í 1. gr.
- 3.2. Styrkþegi skal taka fram í kynningarefni þeirra verkefna sem samningur þessi tekur til að verkefnið séu styrkt af mennta- og barnamálaráðuneytinu.
- 3.3. Styrkþegi skal bjóða upp á nám sem uppfyllir kröfur laga um lýðskóla, nr. 65/2019.
- 3.4. Nemendafjöldi skólans skal vera 20 á vorönn 2024.
- 3.5. Fari fjöldi nemenda undir 18 á önninni, mun ráðuneytið endurkrefja lýðskólann um kr. 1.000.000 fyrir hvern nemanda sem vantar upp á. Ráðuneytinu er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði ef afleiðingar náttúruhamfara á Seyðisfirði leiða til minni aðsóknar eða skerts framboðs á húsnæði fyrir nemendur.
- 3.6. Styrkþegi starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem eiga um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem ekki eru ríkisaðilar en veita opinbera þjónustu sem er kostuð að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins. Eftirfarandi lög og reglugerðir kunna því að eiga við:
 - Lög um lýðskóla, nr. 65/2019.
 - Lög um opinber fjármál, nr. 123/2015.
 - Reglugerð nr. 218/2020 um skyldur og ábyrgð forstöðumanna ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs við framkvæmd fjárlaga.
 - Lög um opinber innkaup, nr. 120/2016

MFJ

- Upplýsingalög, nr. 140/2012.
 - Stjórnsýslulög, nr. 37/1993.
 - Lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, nr. 46/2016.
 - Samkeppnislög, nr. 44/2005.
 - Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.
 - Lög um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014.
- 3.7. Styrkþegi skal við lok samningstíma skila mennta- og barnamálaráðuneytinu skýrslu um framvindu verkefna og reikningsskil í samræmi við 2. mgr. 42. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, sbr. og 2.2. gr. samnings þessa.
- 3.8. Styrkþegi skal auk þess veita ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir um þau verkefni sem samningur þessi tekur til, hvenær sem ráðuneytið óskar þess. Styrkþegi skal láta í té allar upplýsingar og gögn um verkefnin, eins fljótt og auðið verður.
- 3.9. Styrkþega er óheimilt að ráðstafa styrknum í annað en styrkurinn er veittur til og að framselja greiðslur skv. samningi þessum, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, til þriðja aðila.
- 3.10. Styrkþegi tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef hann telur vafa leika á um að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir styrkþegi frá úrræðum sem hann hyggst grípa til.

4. Vanefndir

- 4.1. Ráðuneytinu er heimilt að rifta samningi þessum og endurkrefja um greiðslur, að hluta til eða í heild, ásamt kostnaði við innheimtu, uppfylli styrkþegi ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 4.2. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 4.3. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.


5. Gildistími

- 5.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2024 til 30. júní 2024.

Reykjavík, 11. janúar 2024



Erna Kristín Blöndal, ráðuneytisstjóri
f.h. mennta- og barnamálaráðherra



Mark Rohtmaa-Jackson, skólustjóri
f.h. LungA - skólans ses.